

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 16. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á álagningarstofni eftirlitsskyldra fjármálastofnanna.

Öflugt fjármálaeftirlit er lykilþáttur í trúverðugleika hvers fjármálamarkaðar og skilvirkni þess mikilvæg fyrir rekstur eftirlitsskyldra aðila. Það er nauðsynlegt að FME sé í stakk búið til að sinna ört vaxandi markaði með skilvirkum og hagkvæmum hætti. Útrás undanfarinna ára sem og umfangsmikil lagasetning á sviði fjármálamarkaða hefur haft í för með sér auknar starfsskyldur fyrir FME, með tilheyrandi rekstrarkostnaði.

Þrátt fyrir aukið umfang verður ávallt að gæta að því að opinberar stofnanir vaxi ekki umfram það sem nauðsynlegt er. Við mat á því ber helst að líta til hvernig nýtingu fjármuna er háttáð innan hvernar stofnunar hverju sinni. Gera verður þá kröfu að fjármunum sé ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt í öllum tilfellum. Þetta er sérstaklega mikilvægt hvað FME varðar þar sem starfsemi þess er algerlega fjármögnuð af fyrirtækjunum sjálfum án þess þó að þau hafi forræði á tilhögun álagningarstofna, sem ákvarðaðir eru af hinu opinbera. Þannig er hætt við því að kostnaðaraðhald hins opinbera sé ekki eins virkt gagnvart FME eins og það er gagnvart öðrum stofnunum sem fjármagnaðar eru með skattfé.

Ofangreint frumvarp felur í sér rúmlega 52% hækkun á álögðu eftirlitsgjaldi milli ára, sem verður að teljast rífleg hækkun. Viðskiptaráð tekur undir þá ályktun samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að unnt sé að rúma verkefni FME innan 50% hækkunar á milli ára. Enn fremur telur Viðskiptaráð að aukin úthýsing verkefna frá FME til sérfræðinga væri til þess fallin að draga úr rekstrarkostnaði og auka skilvirkni. Hvað þetta varðar er sérstaklega bent á hækkun húsnæðiskostnaðar FME, er nemur tæpum 60 mkr. milli ára. Viðskiptaráð tekur einnig undir með samráðsnefndinni að rétt sé að áætla lægri fjárhæð vegna launakostnaðar, en að mati ráðsins er sá kostnaðarliður ríflega áætlaður.

Viðskiptaráð leggur höfuðáherslu á að hækkun eftirlitsgjaldsins skili sér í auknum gæðum í eftirliti FME. Hvað þetta varðar fagnar ráðið markmiðasetningu og árangursmælikvörðum FME og gerir ráð fyrir því að hækkunin komi bersýnilega fram á þeim mælikvörðum fyrir árið 2008. Mikilvægt er að markmiðasetningu FME verði fylgt eftir og leggur Viðskiptaráð til að álagningarstofnar verði endurskoðaðir með hliðsjón af niðurstöðum árangursmælikvörðanna.

Að endingu telur Viðskiptaráð þörf á heildarendurskoðun á verkefnum FME. Eftirlitið sinnir nú þegar tilteknum verkefnum sem ekki er hægt að telja til beins eftirlits með þeim aðilum sem greiða fyrir starfsemi FME, en þar má helst nefna hlutverk FME í þróun lagasetningar. Eðlilegast væri að hið opinbera myndi alfarið bera tilfallandi kostnað vegna þessara verkefna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en ítrekar að öflugt FME er ekki það sama og stórt FME.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs